

**Sþ.**

**121. Tillaga til þingsályktunar**

[73. mál]

um brotnám loftskeytastanganna á Melunum í Reykjavík.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að nota heimild þá, er hún hefur í fjárlögum yfirstandandi árs, til þess að nema burt loftskeytastengurnar á Melunum.

**Greinargerð.**

Svipuð tillaga var flutt á síðasta þingi. Náði hún að vísu ekki fullnaðarafgreiðslu í nefnd, en í stað þess var ríkisstjórninni með fjárlagaákvæði heimilað að láta flytja stengurnar burt. Úr þessu hefur enn ekki orðið þrátt fyrir ábendingar ýmissa þeirra, sem kunnugir eru ástæðum öllum og hættu þeirri, er sífellt vofir vegna stanganna yfir flugvélum, sem koma eða fara af Reykjavíkurflugvelli í slæmu skyggni. Enn hefur það við hætzt, að stefnuviti sá hinn nýi og dýri, sem reistur var í sumar og á að greiða fyrir fluglendingum í dimmviðri, kemur að litlum notum, þegar hans er mest þörf, sökum þess að hættan af stöngunum, þegar komið er niður í hæfilega hæð til að njóta landingarmerkja flugvallarins, er meiri en svo, að á það sé hættandi að lenda við slík skilyrði. Er það sinnuleysi, sem virðist ráðandi í þessu atriði, hartnær óskiljanlegt, og mun nánar verða í framsögu gerð grein fyrir því og fleiru, er flugmálin varðar. Varðandi nánari rökstuðning fyrir hættunni, er af stöngunum starfar, og að öðru leyti gang þessa máls að undanfögnu vísast til greinargerðarinnar fyrir tillögu um þetta efni, sem flutt var á síðasta þingi, á þingskjali 648.